



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður & Vestfjarða www.minjastofnun.is Kennitala: 440113-0280

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

föstudagur, 8. nóvember 2024
MÍ202410-0060/ 6.09 / L.G.

Efni: Deiliskipulag Þinghóls

Minjastofnun barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 09.10.2024 þar sem fram kom að Vesturbyggði óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um deiliskipulagi, mál nr. 1205/2024. Hægt var að hlaða niður greinargerð, skipulagsuppdrætti sem og auglýsingu skipulagsins.

Lísabet
Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða
lisabet@minjastofnun.is

Fornleifaskráning hefur farið fram (sjá: Atli Rúnarsson og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. 2024. *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í landi Þinghóls á Tálknafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík.

Hóll (nú Þinghóll) kemur fyrst fram í heimildum frá árinu 1570. Samkvæmt skráningu var eingöngu hægt að greina bæjarhólinn á vettvangi en aðrar minjar virðast vera horfnar. Hins vegar er deiliskipulagsreiturrinn innan heimatúns og þar er alla jafna byggð hvað þéttust þó minjar sjáist ekki lengur á yfirborði. Á túnakorti má einnig sjá bæjar- og útihús sem ekki eru tekin fyrir í skráningaskýrslu. Mögulega eru leifar þeirra enn undir sverði.

Umsögn

Þar sem um er að ræða framkvæmdir á nánast öllu heimatúni Hóls fer Minjastofnun Íslands fram á að grafnir verði könnunarskurðir á lóðum 1, 3, 8 og 9 og borkjarnarannsókn á lóðum 10, 11 og 12. Stærð og staðsetning skurða verður ákveðið seinna í ferlinu. Markmið rannsóknarinnar yrði að kanna aldur bæjarstæðisins og afla frekari vitneskju um líf og lífsafkomu Tálknfirðinga enda hafa afar fáar fornleifarannsóknir átt sér stað í firðinum.

Ef rannsókn sýnir fram á að minjar eru innan framkvæmdasvæðis mun Minjastofnun að öllum líkindum fara fram á ítarlegri mótvægisáðgerðir, til að mynda fullnaðarrannsókn á minjum en

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

ákvarðanir um slíkt verða teknar á seinni stigum málsins og fara eftir niðurstöðum fyrstu rannsókna.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Lísabet Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða

